

Auglýsing vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Skógargötu 1 í samræmi við 6. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015



Hjá byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Skagafjarðar liggur fyrir byggingarleyfisumsókn í samræmi við 9. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 frá eiganda Skógargötu 1 á Sauðárkróki, um leyfi til að gera breytingar á húsnæðinu.

Breytingar varða notkun og útlit, þar sem gerðar verða íbúðir á öllu hæðum hússins með tilheyrandi breytingum.

Áætlaður verktími er um 12 mánuðir.

Byggingarár hússins er 1947.

Framkvæmdin er innan verndarsvæðis í byggð sem er norðurhluti gamla bæjarins á Sauðárkróki sem staðfest var af ráðherra þann 11. febrúar 2020.

Samkvæmt greinargerð um Verndarsvæði í byggð frá 2018 og Húsakönnun Sauðárkróks frá 2018 hefur húsið miðlungs varðveislugildi sem byggir að mestu á upprunalegu gildi og samsvörun við nærliggjandi byggingar. Aftur á móti er gildi þess metið lágt fyrir byggingarlist, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og tæknilegt ástand.

Með vísan til 6. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015, skal sveitarstjórn auglýsa hina fyrirhugðu framkvæmd áður en tekin er ákvörðun um leyfi til framkvæmda. Þannig er almenningi og hagsmunaaðilum veitt tækifæri til að koma sjónarmiðum og athugasemdum á framfæri við sveitarstjórn áður en ákvörðun er tekin um framkvæmdina.

Gögn er varða fyrirhugaða framkvæmd liggja frammi til kynningar frá og með miðvikudeginum 26. maí 2021 til og með 9. júní 2021 í Ráðhúsi Sveitarfélagsins Skagafjarðar og á heimasíðu sveitarfélagsins, <https://www.skagafjordur.is/>

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að kynna sér fyrirhugaða framkvæmd og gera athugasemdir eða ábendingar við hana. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast í síðasta lagi 9. júní 2021 til byggingarfulltrúa í Ráðhúsi Skagfirðingabraut 21 eða á netfangið: andrig@skagafjordur.is

Einar Andri Gíslason, byggingarfulltrúi.